

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, Sunnumörk 2, Hveragerði og Aldís Hafsteinsdóttir, kt. 211264-5009, Heiðmörk 57, Hveragerði gera með sér svofelldan

ráðningarsamning

1. gr.

Starfsheiti

Aldís Hafsteinsdóttir er ráðin sem bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

2. gr.

Ráðningartími

Bæjarstjóri er ráðinn frá og með 15. júní 2018. Ráðningartíma lýkur án sérstakrar uppsagnar við lok kjörtímabils núverandi bæjarstjórnar, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 48. gr. VII. kafla samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar frá 5. júlí 2013, eða til þess tíma sem nýkjörin bæjarstjórn kemur saman til fyrsta fundar að afloknum sveitarstjórnarkosningum vorið 2022.

3. gr.

Hlutverk

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnslá sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri boðar fundi bæjarstjórnar í samráði við forseta bæjarstjórnar og undirbýr og boðar bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

Handwritten signature and initials: *ab AT*
FS

4. gr.
Launakjör

Bæjarstjóra skulu greidd laun kr. 1.450.000,- á mánuði. Skulu launin taka breytingum einu sinni á ári í samræmi við launavísitölu. Grunnur skal vera launavísitala í maí 2018 656,5. Breytingin reiknast 1. janúar ár hvert. Laun skulu greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar.

Sé bæjarstjóri jafnframt bæjarfulltrúi skal hann fá greitt fyrir fundarsetur í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar. Skal greiðsla fyrir fundarsetur vera sú sama og greitt er til kjörinna fulltrúa í bæjarstjórn.

Bæjarstjóri skal vinna yfirvinnu eftir þörfum, enda eru laun hans miðuð við það.

Bæjarstjóri er í Lífeyrissjóði sveitarfélaga. Hveragerðisbær skal greiða lögbundið lífeyrissjóðsframlag atvinnurekenda af heildarlaunum bæjarstjóra í sjóðinn og framlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar í samræmi við reglur og kjarasamninga þar um.

Orlof skal vera 30 virkir dagar á ári hverju. Bæjarstjóri skal ákveða orlofstíma í samráði við forseta bæjarstjórnar og formann bæjarráðs. Bæjarstjóri skal halda fullum launum á orlofstíma. Ekki er greitt orlof af fastri yfirvinnu. Veikindaréttur skal vera til samræmis við ákvæði kjarasamnings Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi (FOSS).

5. gr.
Önnur starfskjör

Bæjarstjóri skal fá greiddan bifreiðastyrk fyrir afnot af eigin bifreið í þágu starfs síns sem bæjarstjóra. Bifreiðastyrkur skal nema 1.300 km á mánuði og skal greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra.

Hvergerðisbær útvegar bæjarstjóra farsíma og rekur hann auk þess sem bærinn greiðir fastagjald og afnotagjald síma og netaðgang á heimili bæjarstjóra enda notar bæjarstjóri framangreindan búnað vegna starfa sinna sem bæjarstjóri.

Hveragerðisbær greiðir iðgjald slysa- og líftryggingar fyrir bæjarstjóra með sama hætti og gert er hjá öðrum starfsmönnum Hveragerðisbæjar.

6. gr.
Uppsögn, biðlaun

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningi þessum upp á ráðningartímanum. Uppsögn skal komið á framfæri við gagnaðila með sannanlegum hætti og skal taka gildi frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hún er móttekin.

Verði samningnum sagt upp á ráðningartímabilinu eða bæjarstjóri verði ekki endurráðinn að því loknu skal Hveragerðisbær greiða honum laun í samræmi við 4. og 5. gr. samnings þessa í 6 mánuði frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn eða eftir að starfstíma lýkur skv. 2. gr.



7. gr
Endurskoðun

Hvor aðili um sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef sérstakar aðstæður krefja.

8. gr
Ágreiningur

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

9. gr.
Annað

Samningur þessi sem er á þremur blaðsíðum er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu.

Hveragerði 20. júlí 2018

F.h. Hveragerðisbæjar



Eyþór H. Ólafsson
Forseti bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar



Aldís Hafsteinsdóttir



Friðrik Sigurbjörnsson
Formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar

Vottar að rétttri dagssetninu, undirskrift og hæfi aðila:



kt: 281158-2959



141060-5629